

Styrktarumsókn

Ágæti viðtakandi

Með bréfi þessu vill Björgunarfélag Akraness leita til þín vegna verkefnis sem félagið er að vinna í en það er bætt viðbragð og aukin björgunargeta við minni Faxaflóa og í kringum hafnir á svæði björgunarfélagsins

Undanfarin ár hefur umferð um Faxaflóa margfaldast, bæði að nóttu sem degi. Árlega koma yfir 100 þúsund manns með skemmtiferðaskipum til Reykjavíkur. Á hverjum degi, nánast allt árið eru hundruð ferðamann úti á sundunum við hvalaskoðun. Á nóttinni eru sömu bátar með norðurljósaferðir. Á Grundartanga kemur allavega eitt skip á dag og svipað til Reykjavíkur. Á sumrin eru tugir báta við strandveiðar og þá er ótalið þeir aðilar sem róa allt árið og hafa lífsviðurværi að fiskveiðum.

Tvær skýrslur hafa verið unnar um staðsetningu björgunarskipa í Faxaflóanum. Í báðum þeirra er talað um að til að tryggja sem best öryggi sjófarenda í flóanum sé heillavænlegast að vera með öfluga útgerð björgunarbáta á Akranesi. Landfræðileg staðsetning bæjarfélagsins gerir það að verkum að stutt er til allra átta í flóanum og því stuttur útkallstími á björgunarskipi sem gert er út frá Akranesi.

Hingað til hefur Björgunarfélag Akranes átt tvo slöngubáta og einn harðbotna slöngubát, svokallaðan RIB bát. Þessir bátar eru hraðskreiðir en opnir og hafa takmarkaða björgunargetu og litið pláss um borð í þeim.

Fyrir rúmu ári síðan ákvað Björgunarfélag Akraness að gera gangskör í þessum málum og fjárfesta í stærri og öflugri bát. Úr varð að keyptur var 10,5 m langur yfirbyggður bátur sem var smíðaður af Breska sjóhernum. Báturinn er nokkurra ára gamall en vel við haldið og litið notaður. Bátinn höfum við fengið afhentan og hafið vinnu við að endurnýja og nútímavæða búnað um borð til að báturinn stæðist nútíma kröfur sem við gerum til björgunarbáta.

Farið var af stað í verkefnið með því hugarfari að báturinn gæti leist flest öll þau verkefni sem upp geta komið úti á sjó. Í bátnum verður meðal annars næturmyndavél sem gerir stjórnendum kleift að sjá í svarta myrkri og þoku, einnig verður svokallaður Sidescan sónar sem gerir okkur kleift að taka þrívíddar mynd af botninum og staðsetja til að mynda flak, bíl eða öðrum hlutum sem fallið hafa í sjóinn eða sokkið.

Þetta er dýrt verkefni og fjármagnar Björgunarfélagið það án aðkomu heildarsamtakanna. Fjármögnun á sjálfum bátakaupunum er lokið en enn á eftir að klára að fjármagna tækjakaup og breytingar. Áætlað er að kostnaðurinn við tækjakaup og breytingar sé um 13 milljónir.

Björgunarfélag Akranes óskar eftir styrk frá Akraneskaupstað til að fjármagna þessar breytingar og geta þannig tryggt sjófarendum sem sigla um Faxaflóa og Hvalfjörð meira öryggi við vinnu og leik.

Í kjölfar þessa bréfs munu forsvarsmenn Björgunarfélags Akraness óska eftir fundi með ykkur eða vera í sambandi til að ræða við ykkur um þessa ósk okkar og svara spurningum varðandi félagið, bátinn og björgunargetu á svæðinu.

Fyrir hönd Björgunarfélags Akraness

Jón Gunnar Ingibergsson.

jgi@bjorgunarfelag.is